

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	9.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Bragason	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins. Í eftirlitinu kom fram eitt frávík er varðar urðun gjallsands í flæðigryfjum Norðuráls og ein ábending er varðar reykt frá steypuskála.

Þá var óskað eftir tillögu að útfærslu greinar 2.7 í starsleyfi um tilkynningar til búfjáreigenda sem og niðurstöður rannsóknarverkefnis um kortlagningu efnis sem fer í flæðigryfjur Norðuráls.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umhverfismarkmið sbr. grein 2.1 í starfsleyfi.
2. Viðbrögð við mengunaráhöppum sbr. grein 2.6 og 2.7 í starfsleyfi.
3. Rekstur flæðigryfja sbr. grein 3.20 og 3.21 í starfsleyfi
4. Úrgangsskráningar sbr. grein 3.20 og 3.23 í starfsleyfi.
5. Önnur mál og skoðunarferð.

Vel er haldið utan um umhverfismarkmið og aðgerðir til að fylgja þeim eftir í tölvukerfi Norðuráls. Fundur er haldinn í yfirstjórn tvisvar sinnum á ári þar sem að farið er yfir stöðu verkefna og árangur við að ná markmiðum. Í ár hefur verið bætt í markmiðasetningunni með því að hafa markmiðin betur mælanleg til að meta betur árangur. Hjá Norðuráli er bónusakerfi þar sem að hver og ein deild velur sjálf hvers konar bónusmarkmið eru sett, unnið er að því að bónusmarkmið tengjast umhverfismarkmiðum fyrirtækisins.

Viðbragðsáætlun um tilkynningar vegna umhverfisóhappa var send Umhverfisstofnun 21. desember 2017. Umhverfisstofnun telur hana fullnægjandi til birtingar. Unnið er að útfærslu á grein 2.7 í starfsleyfi, þ.e. með hvaða hætti tilkynna skuli búfjáreigendum um útslátt hreinsivirkja lengur en í 3 klst. Óskað er eftir tillögu Norðuráls hvað það varðar til samþykktar hjá Umhverfisstofnun.

Skoðaðar voru skráningar á þeim efnum sem sett eru í flæðigryfjur. Óskað var eftir nánari efnaupplýsingum þeirra efna sem fara í flæðigryfjurnar. Rekstraraðili benti á að verkefni væri í vinnslu hjá meistaranema í Háskóla Íslands um kortlagningu úrgangs sem fer í flæðigryfjur og tækifæri til að endurnýta hann betur. Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum verkefnisins þegar þær liggja fyrir. Farið var yfir ábyrgð Norðuráls á því efni sem urðað er í flæðigryfjunum, þ.m.t. gjallsand sem farið hefur gegnum endurvinnsluferil Alurs Álvinnslu hf. Alur álvinnsla skilar úrganginum til Norðuráls eftir vinnsluna og er Norðurál ábyrgt fyrir ráðstöfun hans í flæðigryfjurnar.

Þá var farið yfir úrgangsskráningar. Vel er haldið utan um skráningar úrgangs í tölvukerfi Norðuráls. Íslenska Gámafélagið rekur gámaöll innan lóðar Norðuráls og sér um flokkun og skráningu úrgangs frá fyrirtækinu, fyrir utan þann úrgang sem settur í flæðigryfjur Norðuráls. Rætt var um skilgreiningu á aukaafurðum í stað úrgangs þar sem við á. Norðurál skráir engar aukaafurðir frá framleiðslu sinni. Geymslusvæði fyrir spilliefni er til staðar með olíuskilju og áhættugreiningu og verklagslýsingar á flutningi úrgangsolíu.

Rætt var um innleiðingu Umhverfisstofnunar á nýju loftgæðaupplýsingakerfi AirViro. Umhverfisstofnun þarf ýmis gögn og upplýsingar til að setja inn í kerfið og óskaði eftir tengilið varðandi þau samskipti. Gísli Bragason mun vera í samskiptum við Umhverfisstofnun hvað þetta varðar.

Í skoðunarferðinni voru aðstæður skoðaðar á gámasvæði og í flæðigryfjum. Engar athugasemdir komu fram í skoðunarferðinni og snyrtileg flokkun staðfest sem og ráðstöfun í flæðigryfjunum.

Frávik frá

grein 3.20 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Tvær ábendingar bárust um ammoníakslykt vegna urðunar gjallsands í flæðigryfjur Norðuráls. Alur álvinnsla hefur sent Umhverfisstofnun upplýsingar um bætt verklag við að urða gjallsandinn en samkvæmt starfsleyfi Norðuráls er Norðurál ábyrgt fyrir urðun egins framleiðsluúrgangs í flæðigryfjunum.

ATHUGASEMDIR

Ábending kom frá íbúa ásamt mynd sem sýndi nokkurn reyk frá steypuskála 29. nóvember 2017. Samskonar ábendingar komu árið 2016 og er Norðurál með verklag til skoðunar vegna þessa. Greining á ábendingum frá 2016 bentu til að reyklosun sem þessi standi yfir í stuttan tíma hverju sinni og innihaldi lítið magn af mengandi efnun.

ANNAÐ

Norðurál stefnir að fundi varðandi umhverfissvöktun með umsjónaraðila umhverfisskýrslunnar (verkfræðistofunni Eflu) í haust. Óskað var eftir í eftirlitinu að athugasemdir og ábendingar við skýrslu síðasta árs yrðu ræddar í haust til að bæta skýrslugjöf næsta árs og óskaði rekstararaðili því eftir aðkomu Umhverfisstofnunar að þeim fundi.

Reykjavík, 25.06.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir